



Kennsluáætlun – skólaárið 2019-2020

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Kennarar: Jónína Loftsdóttir

Tímafjöldi: 15x2 kennslustundir

Námsgögn: Handbækur, listaverkabækur, veraldarvefurinn og ljósrit, ásamt fjölbreyttum verkefnum frá kennara.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinnu
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:

- Tekur ábyrgð á eigin námi.
- Virðir vinnufrið annarra.
- Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.
- Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.
- Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.
- Sýnir vonduð vinnubrögð við verkefnaskil.
- Fer eftir þeim fyrirmælum sem lagt er upp með og skilar verkefnum á réttum tíma.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár

Vikur	Viðfangsefni	Námsefni	Mat
1	Reglur í myndmenntastofunni. Mappa.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
2	Kynning á listastefnu, kúbismi. Verkefni í anda stefnunnar.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
3	Þrykk, stórborg. Bakgrunnur, heitir og kaldir litir.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
4	Fjarvídd. Línuteikning, mynstur.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
5	Abstrakt, listamaður kynntur (Mondrian) og verk unnið í hans anda.	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat
6	Klippimynd	Námsefni frá kennara og af veraldarvef.	Símat



Kennsluáætlun – skólaárið 2019-2020

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Sjónlistir	Nemendur geti: <ul style="list-style-type: none">• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun,• beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,• fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,• gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar• greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka.	<ul style="list-style-type: none">• Innlögn, kynning og umræður.• Einstaklingskennsla.• Hópavinna.• Sýnikennsla.	Símat

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.